

**Fundargerð 139. fundar Fræðslusjóðs
Þriðjudaginn 4. febrúar 2025 kl. 13:00-14:30
Fundurinn er fjarfundur.**

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Finnbogi Sveinbjörnsson, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Fundargerð 138. fundar var samþykkt og send fundarmönnum til undirritunar.

2. Forgangssvið nýsköpunar- og þróunarverkefna 2025.

Fundurinn var vinnufundur þar sem stjórn skipti sér í tvo hópa sem mótuðu með sér hugmyndir og tillögur að forgangssviðum þróunarstyrkja 2025.

Fjöldi hugmynda kom fram og var starfsfólki FA falið að vinna hugmyndirnar áfram og senda stjórn milli funda, með það að markmiði að endanleg forgangssvið liggi fyrir á næsta fundi.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.